

Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna

Einstakar greinar fyrir og eftir breytingu ársfundar 26. mars 2014

9. gr. Iðgjöld til sjóðsins, liður 9.1

Var: Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **85%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Verður: Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

11. gr. Hlutfall eftirlauna, liður 11.2

Var: Eftirlaunin skulu nema **2,125%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **85%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Verður: Eftirlaunin skulu nema **1,92%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

13 gr. Makalífeyrir, liður 13.2

Var: Fjárhæð lífeyris til makans fer eftir starfstíma hins látna og nemur 1,25% af launum sjóðfélaga fyrir hvert ár hans í starfi, þó að hámarki 50%. Lífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Verður: Fjárhæð lífeyris til makans fer eftir starfstíma hins látna og nemur **10/17 af áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga**. Lífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Skýring á breytingu á grein 13.2

Hér er ekki um efnislega breytingu á makalífeyri að ræða, heldur tryggir hlutfallið 10/17 að hlutfall makalífeyris af lífeyri sjóðfélaga verður áfram það sama eftir réttindabreytingu. Makalífeyrir tekur því sömu hlutfallslegu breytingum og annar lífeyrir við réttindabreytingu.

Ný grein 12.10 verður

Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Ný grein 21.16 verður

Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Nýjar samþykktir taka gildi eftir að þær hafa hlotið samþykki aðildarfyrirtækja og Fjármálaráðuneytis. Þangað til gilda eldri samþykktir sjóðsins frá 5. apríl 2011.